

20. des. 2004, 3. árg.

Laxútflutningur: Framkvæmdastjórn ESB vill áframhaldandi verndaraðgerðir

Samkvæmt heimildum Stiklna áformar framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) að leggja til að haldið verði áfram verndaraðgerðum vegna innflutnings á eldislaxi til ESB. Eins og áður hefur verið greint frá í Stíklum ákvað framkvæmdastjórnin fyrir á þessu ári að grípa til verndaraðgerða til bráðabirgða. Þær aðgerðir féllu hins vegar úr gildi hinn 6. desember sl. þar sem ráðherraráð ESB staðfesti þær ekki innan tilskilins tímafrest. Eigi að síður vill framkvæmdastjórnin að áfram verði beitt slíkum verndarráðstöfunum til næstu þriggja ára í því skyni að vernda laxeldisframleiðendur innan ESB fyrir meintum undirboðum.

Sértækar aðgerðir gegn Norðmönnum

Þrátt fyrir verndarráðstafanir framkvæmdastjórnarinnar hefur verð á eldislaxi á mörkuðum í Evrópusambandinu verið með allra lægsta móti undanfarna mánuði. Meginástæða þessa lága verðs virðist vera mikil framleiðsla á eldislaxi í Noregi og Chile. Samhliða hugsanlegum verndaraðgerðum rannsakar framkvæmdastjórn Evrópusambandsins einnig meint undirboð af hálfu Norðmanna á eldislaxi. Ekki er útilokað að gripið verði til aðgerða gegn undirboðum Norðmanna af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, annað hvort samhliða verndaraðgerðum eða í stað almennra verndaraðgerða.

Ísland mótmælir innflutningskvóta

Hugmyndir framkvæmdastjórnarinnar um áframhaldandi verndarráðstafanir gera ráð fyrir að þeim ríkjum, sem flutt hafa inn eldislax á markaði í Evrópusambandinu, verði úthlutað innflutningskvóta. Þá verði jafnframt sett lágmarksverð á eldislax, 2,85 evrur á kílóíð. Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað mótmælt því að gripið verði til slíkra aðgerða sem hamli viðskiptum á Evrópska efnahagssvæðinu og ítrekaði Geir H. Haarde, fjármálaráðherra, þá afstöðu á fundi EES-ráðsins í Brussel hinn 14. desember sl.

Expo 2005: Aðstaða á heimsýningu í Japan 2005

Heimssýningin EXPO 2005 verður haldin á næsta ári í Japan og stendur frá 25. mars til loka septembermánaðar. Eins og kunnugt er hafa Norðurlöndin ákveðið að taka þátt í sýningunni með sameiginlegri sýningu í 1300 fermetra sýningarskála. Þar verður lögð áhersla á að kynna líf og menningu Norðurlandabúa auk þess sem fjallað verður um orkumál, náttúrulegar auðlindir, hönnun og tengsl okkar við hafið.

Kynningaraðstaða

EXPO 2005 er ekki vörusýning í hefðbundnum skilningi en samt er lögð áhersla á að fyrirtæki og aðilar í viðskiptum geti notfært sér þá aðstöðu sem þar er til staðar. Í norræna skálanum er t.d. mjög góð aðstaða til að taka á móti völdum gestum (VIP aðstaða), þar sem unnt er að fá ýmsa þjónustu. M.a. er aðstaða til funda eða veitinga fyrir 60-70 manns, auk minna rýmis fyrir fámennari fundi. Íslandi hafa sérstaklega verið úthlutaðir 11 dagar í VIP aðstöðunni, en það eru 28. mars, 19. maí, 8. júní, 29. júní, 14.- 18. júlí, 1. september og 15. september. Þess ber að geta að þjóðardagur Íslands á sýningunni er 15. júlí og verður þá sérstök hátíðardagskrá með menningarlegu ívafi. Gert er ráð fyrir að forsætisráðherra sækji sýninguna heim þann dag.

Þeir sem hafa áhuga á að nýta sér þá aðstöðu sem hér hefur verið kynnt eða óska eftir frekari upplýsingum eru beðnir um að hafa samband við Jón Ásbergsson hjá Útflutningsráði í síma 511 4000 eða um jon@utflutningsrad.is

